

áfrýjanda, er saknæm væru samkvæmt meiðyrðalög-
gjöfni, en með því bréfið er eigi komið fram í mál-
inu, verður ekkert um þetta vitað, og þá eigi held-
ur um það, hvort hin átöldu ummæli, ef þau hefðu
staðið í bréfinu mundu varða við lög. Málið er þannig
eigi nægilega upplýst til þess að dómur verði á það
lagður og verður fyrir þá sök að vísa því frá dómi.

Yfirdómurinn fellst á sektarákvæði bæjarþings-
dómsins og málskostnaðarákvæði, og ber því að stað-
festa þann dóm.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjanda eiga
að greiða stefnda og ákveðst hann 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.
Áfrýjandi Páll Jónsson yfirréttarmálaflutnings-
maður greiði stefnda Einari Arnórssyni ráðherra
20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmd gjöld greiðist innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 28/1916.

Jensen-Bjerg kaupmaður
gegn
Sigfúsi Péturssyni.

D ó m u r :

Stefndi Sigfús Pétursson á Grænuborg í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda kaupmanni Jensen-Bjerg í Reykjavík út af skuld fyrir hey, er hann tjáðist hafa selt áfrýjanda veturinn 1914 fyrir jól, og lauk málinu með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 27. apríl þ. á. á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 89 kr. með 5% ársvöxtum frá 15. nóvember 1915 til borgunardags og 25 kr. í málssóknarlaun til skipaðs málfærslumanns stefnda, en hann hafði fengið gjafsókn fyrir bæjarþinginu og skipaðann málfærslumann, Svein Björnsson yfirréttarmálaflutningsmann. Dómi þessum hefir Jensen-Bjerg skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. maí þ. á. og gert þær réttarkröfur, að dóminum verði hrundið og algerlega breytt þannig, að hann verði sýknaður gersamlega í málinu af öllum kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi, Sigfús Pétursson, hefir fengið gjafvörn í málinu og skipaðann málfutningsmann, og hefir hann látið gera þær réttarkröfur, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að honum verði tildæmdur málskostnaður eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Stefndi gerir svofelda grein fyrir kröfu sinni, að veturinn 1914 fyrir jól hafi Eyjólfur nokkur Eyjólfsson komið til sín, og falað af sér hey; hafi hann

sagst hafa umboð áfrýjanda til þessa, og væri heyið ætlað hestum, sem Eyjólfur hafi keypt fyrir áfrýjanda; seldi hann svo Eyjólfu sem umboðsmanni áfrýjanda 2475 pund af heyi fyrir 4 auru pundið — eða alls fyrir 99 kr. Gaf stefndi síðan áfrýjanda reikning fyrir heyinu, og vottaði Eyjólfur á reikninginn að hann væri réttur. Síðan krafði stefndi áfrýjanda um reikningsupphæðina, en hann var þá eigi viðlátinn að borga, kvaðst þurfa að athuga málið, og er stefndi síðar krafði hann um upphæðina var hann ófáanlegur til að greiða nema einar 10 krónur af henni, er krafa stefnda því nú 89 kr., og hefir hann fengið dóm undirréttarins fyrir henni. — Af annari hálfu heldur áfrýjandi því fram í málinu, að hann hafi eigi keypt neitt hey af stefnda, ekki beðið hann um neitt hey og ekki látið biðja hann um það, og ekkert hey fengið frá honum, og þetta hafi hann tjáð stefnda, er hann krafði hann um heyverðið. Þá hafi stefndi beðið sig að lána honum 10 kr., og það kvaðst áfrýjandi hafa gert, af því hann hafi aumkvast yfir stefnda. Áfrýjandi neitar því, að Eyjólfur Eyjólfsson áður nefndur hafi haft umboð eða nokkra heimild til að kaupa hey fyrir sig, og jafnframt hefir hann neitað því, að hann (Eyjólfur) hafi keypt hesta fyrir áfrýjanda. Skýrsla Eyjólfssonar þessa hefir verið fengin fyrir rétti og hafa málsaðilar tekið vitnisburð hans gildan án eidfestingar, en skýrslan er á þá leið, að hann (Eyjólfur) hafi verið í hestakaupum fyrir áfrýjanda árið 1914 og þá einnig keypt hey fyrir hann, meðal annars af stefnda hey það, er nú er krafist borgunar fyrir. Hey þetta hafi ekki

verið gott, og hafi hann því gjört það að skilyrði fyrir heykaupunum, að »þau giltu ekki, ef heyið yrði ekki tekið vegna þess það þætti ekki nógu gott handa hestum á leiðinni héðan út«. Það er þó ekki sannað í málinu, að heyið hafi verið svo vont, að það hafi verið ónothæft, og það er eigi heldur sannað, að neitað hafi verið að taka á móti því, sem fóðri fyrir útflutningshesta, en til þess var það ætlað. Hitt er víst að áfrýjandi tók eigi við heyinu, virðist eigi hafa haft þess þörf, með því að hann hafði fengið nóg hey úr annari átt, og svo virðist hann eigi hafa getað notfært sér heyið, með því að hestunum var þá skipað út frá Hafnarfirði en eigi frá Reykjavík.

Eins og mál þetta þannig liggur fyrir velta úrslit þess á því, hvort heyið hafi verið keypt til handa áfrýjanda eftir umboði hans, en um þetta eru engar skýrslur í málinu aðrar en skýrslur málsaðila og áður tilvitnaður vitnisburður Eyjólfssonar. Þessi vitnisburður styrkir þó svo mjög skýrslu stefnda, að það þykir rétt að láta úrslitin vera komin undir eiði áfrýjanda, þannig, að hann sé sýkn í málinu af kröfum stefnda, ef hann synjar fyrir það með eiði, að hann hafi veitt Eyjólf Eyjólfssyni áðurnefndum umboð eða heimild til þess að kaupa hey fyrir sig fyrripart vetrar 1914—1915, og skal málskostnaður þá falla niður, en málskostnaður hins skipaða talsmanns stefnda, bæði fyrir bæjarþinginu og yfirdóm-inum, sem ákveðast 45 kr., greiðast úr landssjóði, en vinni áfrýjandi ekki þennan synjunareid, skal hann greiða stefnda 89 kr. með 5% ársvöxtum frá 15. nóvbr. 1915 til borgunardags. Svo skal hann þá og

greiða 45 kr. sem málsfærslukaup, bæði fyrir bæjarþinginu og yfirdómi til talsmanns stefnda. Að öðru leyti skal málskostnaður falla niður. — Að því leyti sem málið hefir verið rekið með gjafsókn í héraði og gjafvörn í yfirdómi vottast að málsfærslan hefir verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega áfrýjandi, kaupmaður Jensen-Bjerg, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, synjar fyrir það með eiði, að hann hafi veitt framannefndum Eyjólfí Eyjólfssyni umboð eða heimild til þess að kaupa hey fyrir sig fyrri part vetrar 1914—1915, skal hann vera sýkn í máli þessu, og skal málskostnaður þá falla niður, en málsfærslulaun hins skipaða talsmanns stefnda yfirréttarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar, fyrir bæjarþingi og yfirdómi, 45 kr., greiðist úr landssjóði. — En vinni áfrýjandi eigi eidd þenna, skal hann greiða stefnda, Sigfúsi Péturssyni, 89 kr. með 5% ársvöxtum frá 15. nóvember f. á. til borgunardags, og yfirréttarmálaflutningsmanni Sveini Björnssyni 45 kr. í málsfærslukaup fyrir bæjarþingi og yfirdómi, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.